

3. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 4. mars 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri og Sólveig Jónsdóttir, almennatengslafulltrúi.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 18. febrúar sl. samþykkt. Afgreiðslu á fundargerð frá 4. febrúar sl. er frestað.

2. Fjárhagur FSÍ

Málinu var frestað á síðasta fundi til að vinna að undirbúningi að tillögu um skiptingu á fjármunum til verkefna/móta á grundvelli fjárhagsáætlunar ársins 2010 sem samþykkt var á síðasta ársþingi FSÍ. Unnið hefur verið í málinu milli funda.

Ákveðið var að fjárhagsáætlun FSÍ verði tekin til endurskoðunar þegar niðurstaða af vinnu við stefnumótun um hlutverk og framtíð FSÍ liggur fyrir en stefnt er að því að sú vinna fari af stað í maí nk. Fyrirhuguð vinna við stefnumótun verður kynnt félögum á næstu vikum.

Eftirfarandi var samþykkt vegna móta erlendis í apríl 2010:

Norðurlandamót seniora í áhaldafimleikum karla og kvenna haldið í Helsinki 10. og 11. apríl nk. FSÍ mun greiða fyrir einn þjálfara karla, einn þjálfara kvenna, einn fararstjóra og dómara.

Norðurlandamót juniora í hópfimleikum í Finnlandi 17. apríl nk.

FSÍ mun greiða fyrir einn fararstjóra og dómara. FSÍ mun einnig greiða fyrir ein þjálfara frá hvoru þeirra félaga sem senda keppendur á mótið. Greitt verður beint til viðkomandi félaga. Framkvæmdastjóra falið að kynna þeim sem málið varðar framangreinda ákvörðun.

3. Erindi frá verkefnisstjóra landsliða karla í áhaldafimleikum

Málið var kynnt á síðasta fundi og afgreiðslu frestað. Frekari gögn og upplýsingar hafa borist stjórn. Málið rætt. Ákveðið var að stefna að útgáfu kynningarefnis áður en vetrarstarf hefst hjá félögunum.

4. Val á fararstjórum á mót erlendis

Málið rætt. Ákveðið var að ákvörðun um endanlegt val á fararstjórum á mótum/viðburðum á vegum FSÍ verði í höndum stjórnar FSÍ að fenginni tilnefningu viðkomandi tækninefnda.

Framkvæmdastjóra falið að kynna tækninefndum bókun þessa.

5. Erindi tækninefndar í hópfimleikum (THF) til Evrópusambandsins (UEG) vegna Evrópumótsins í hópfimleikum nk. haust

Málinu var frestað á síðasta fundi og framkvæmdastjóra í samráði við THF falið að ganga frá fyrirspurn til UEG. Svar hefur borist frá formanni tækninefndar UEG í hópfimleikum og felur stjórn framkvæmdastjóra að kynna tækninefnd í hópfimleikum efni þess.

6. Bréf tækninefndar í hópfimleikum um landsliðsverkefni

Stjórn hefur borist bréf tækninefndar í hópfimleikum, dags. 1. mars sl. Tilfni bréfsins er m.a. að landsliðskeppi verður í hópfimleikum í fyrsta sinn á Evrópumótinu í Svíþjóð næstkomandi haust, þ.e. í flokki juniora. Í bréfi nefndarinnar koma fram tillögur varðandi undirbúning að

stofnun landsliðs, fjáröflun og kostnaðaráætlun sem og ósk um fjárstuðningi frá FSÍ vegna verkefnisins.

Málið rætt. Samþykkt var að halda fund með formönnum sambandsfélaga vegna málsins. Með fundarboði til formanna mun bréf tækninefndar fylgja. Framkvæmdastjóri í samráði við formann undirbýr fyrirhugaðan fund.

7. Fundur um norræna kvöldið í Stokkhólmi 27. og 28. febrúar sl.

Lagt var fram minnisblað af undirbúningsfundum vegna norræna kvöldsins á Gymnaestrada 2011 sem framkvæmdastjóri FSÍ sótti.

Málið rætt en afgreiðslu frestað.

8. Fundur formanns og varaformanns FSÍ með tækninefndum í áhaldafimleikum

Þann 23. febrúar sl. héldu formaður og varaformaður FSÍ fund með tækninefndum karla og kvenna í áhaldafimleikum. Á fundinn mættu Axel Bjarnason, formaður tækninefndar karla, og nefndarmennirnir Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson. Frá tækninefnd kvenna mætti Hlín Bjarnadóttir, formaður. Til umræðu var mótafyrirkomulag á Íslandsmeistaramóti í áhaldafimleikum. Fulltrúar tækninefnda munu skila tillögum um málið til stjórnar FSÍ.

9. Frétttaflutningur af mótum og öðrum viðburðum á vegum Fimleikasambandsins

Málið var rætt. Sólveigu og Gunnari falið að leggja fram greinargerð um það hvernig standa skuli að kynningu á mótum/viðburðum á vegum FSÍ til fjölmiðla og fréttum af mótum.

10. Boðsbréf til stjórnar FSÍ

Föstudaginn 5. mars nk. kl. 16 verður ný fimleikaaðstaða formlega opnuð í Keflavík og hefur stjórn verið boðið á opunarathöfnina. Stjórn FSÍ þakkar gott boð og óskar fimleikadeild Keflavíkur til hamingju með nýja húsnæðið. Formaður og varaformaður mun mæta f.h. stjórnar.

11. Mótaöld í febrúar sl.

Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirtaldrá móta:

Þorramót í áhaldafimleikum, sem haldið var 21. febrúar hjá Fjölni.

Bikarmót í áhaldafimleikum sem haldið var 26. - 28. febrúar sl. í Gerplu

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 19.15.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð